

**Borgarstjórn**  
**19. júní 2018**

**Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um stofnun félags skjólstæðinga velferðarsviðs**

Lagt er til að borgarstjórn beiti sér fyrir stofnun félags skjólstæðinga velferðarsviðs Reykjavíkur og tryggi fulltrúum þess áheyrnarsetu í velferðarráði.

Greinargerð:

Skjólstæðingar velferðarsviðs búa við mikið valdaleysi og eiga erfitt með að hafa áhrif á þjónustu sviðsins. Þetta hefur leitt til verri þjónustu velferðarsviðs og óþarfa óþæginda fyrir þá borgarbúa sem þurfa á þjónustu og aðstoð þess að halda. Til að auka vald skjólstæðinga velferðarsviðs og tryggja að þarfir þeirra og væntingar móti uppbyggingu þjónustunnar í framtíðinni er lagt til að borgarstjórn stuðli að stofnun félags skjólstæðinga velferðarsviðs og tryggi að þrír fulltrúar þess félags fái rétt til að sitja sem áheyrnarfulltrúar í velferðarráði.